



Tryggðu börnum þínum betri framtíð

Með því að velja umhverfismerktar vörur hvetjum við fyrirtæki til að framleiða vörur þar sem framleiðsla uppfyllir ströngustu umhverfis- og gæðaskilyrði. Þannig stuðlum við sjálfbærri þróun samfélagsins svo komandi kynslóðir hafi jafna möguleika og við til að mæta þörfum sínum.

Gæði sem þú getur treyst á!

Svansmerktar tölur og sjónvörp innihalda ekki hættuleg eldvarnaefni auk þess sem notkun þungmálma svo sem blýs, kadmíums og kvikasílfurs er í lágmarki. Einnig er lögð áhersla á orkusparnað, notkunarþægindi og endurvinnanleika.



Án hættulegra efna - Öryggi fyrir þig og þína

Svansmerktar sápur, snyrtivörur og þvottaefni innihalda ekki ofnæmisvaldandi efni.

Betra fyrir umhverfið og heilsuna

Með því að velja Svansmerkt getur þú verið viss um að innkaupin séu betri fyrir umhverfið og heilsuna.

Gæðin eru tryggð þar sem virknin þarf að vera jafn góð eða betri en í sambærilegum vörum og þjónustu.



Merkta varan er betri

Þegar þú velur Svansmerktar vörur hvetur þú fyrirtæki til að framleiða vörur sem uppfylla ströngustu umhverfis-, heilsu- og gæðaskilyrði.

Svanurinn gerir strangar kröfur til framleiðslu vöru og þjónustu, svo sem um:

- » Hráefnatoekun
- » Orkunoekun
- » Notkun hættulegra efna
- » Útblástur og losun efna í vatn og jarðveg
- » Umbúðir
- » Flutninga
- » Förgun og endurvinnsla

Taktu þátt í að tryggja hreinna umhverfi og betri framtíð fyrir okkur öll.

Vertu með!



Ég er líka á Facebook

www.svanurinn.is



Þessi bæklingur er prentaður í Svansvottaðri prentsmíðju. Pappírinn er umhverfismerktur og nokkun hættulegra efna er í lágmarki. UST-2009:08. Prentað hjá Guðjón Ö.



UMHVERFISSTOFNUN
Umhverfisstofnun Svans á Íslandi



ERT ÞÚ Í SVANSMERKINU?



Veljum Svansmerkt!

Í dag er hægt að Svansvotta 66 vöru- og þjónustuflokka. Alls er búið að votta 1.300 vörur. Hér á landi er hægt að kaupa um 150 Svansmerktar vörur.

Auk þess er mikið af Blómamerktum vörum á markaðnum. Blómið er opinbert umhverfismerki Evrópusambandsins.



Hvaða Svansmerktu vörur og þjónustu hefur þú prófað?

Úrvalið er meira en þú heldur



Sápur, snyrtivörur, handklæði, lök, fatnaður,

bleiur og dömubindi, þvotta- og hreinsiefni,

örtrefjaklútar, eldhús- og salernispappír,

ljósritunarpappír, tölvur, sjónvörp, prentarar,

þvottavélar, málning, parket, húsgögn, bíla- og bátahreinsiefni, leikföng,

hótel, prentun, ræstiþjónusta, verslanir, veitingastaðir og margt, margt fleira.



Er verslunin þín Svansmerkt?

Svansmerktar verslanir hafa innleitt heildræna umhverfisstefnu sem tekur m.a. tillit til orku- og umbúðanoikunar, flutnings og meðhöndlunar á úrgangi.

Að sjálfsögðu er einnig gott úrval af Svansmerktum vörum í verslunum.



Svansmerkt er hagkvæmt

Vissir þú að Svansmerktar vörur eru yfirleitt ekki dýrari en sambærilegar vörur og þjónusta, þar sem oft næst hagkvæmni með t.d. minni hráefnis- og orkunotkun og minni úrgangskostnaði.

Ef reiknað er með umhverfiskostnaði í beinhörðum peningum, er umhverfisvæn vara vafalaust ódýrari fyrir samfélagið vegna minni mengunar og annara óæskilegra umhverfis- og heilsuáhrifa.



Svanurinn er leiðandi umhverfismerki

Svanurinn fékk hæstu einkunn í alþjóðlegri rannsókn um umhverfismerki árið 2008 þar sem yfir 100 merki voru metin. Við erum afar stolt yfir árangrinum.

Merkið fékk m.a. hrós fyrir nákvæmni og fagmennsku, umhverfislegar úrbætur og gegnsæi í viðmiðapróun.



Svanurinn er opinbert umhverfismerki Norðurlandanna. Vottun byggir á úttekt óháðra aðila.

